**Viðtakandi**: íþrótta- og útivistarráð

Reykjavík, 23. júní 2026

MIR26060022

# TILLAGA AÐ LENGRI OPNUNARTÍMA SUNDLAUGA

---

**Tillaga fulltrúa Sjálfstæðisflokks og Viðreisnar um lengri opnunartíma sundlauga sumarið 2026**

Fulltrúar Sjálfstæðisflokks og Viðreisnar leggja til að opnunartími sundlauga verði lengdur til kl. 22 allar helgar frá 1. september nk.

**Greinargerð**

Tillaga þessi er í samræmi við áherslur meirihlutans um lengdan opnunartíma sundlauga.

Menningar- og íþróttaráð samþykkti á fundi sínum dags. 10. apríl 2026 tillögu þess efnis að lengja opnunartíma sundlauga tímabundið yfir sumartímann til kl. 22 um helgar. Sú tímabundna lenging hefði að óbreyttu varað til 31. ágúst nk. en vilji núverandi meirihluta stendur til þess að lengdur opnunartími verði festur í sessi.

Tillaga þessi hefur verið kostnaðarmetin á kr. 31.000.000,- á ársgrundvelli.